

**Ed.**

**561. Nefndarálit**

**[303. mál]**

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 4. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa nú gert með sér nýjan kjarasamning sem er byggður á margvíslegum aðgerðum í stjórn efnahagsmála.

Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti samþykkt þessar efnahagsaðgerðir og er þær m.a. að finna í þessu frv.

Álit 4. minni hl. á þessum aðgerðum er:

1. Ljóst er að frumkvæðið í stjórn efnahagsmála er ekki lengur í höndum Alþingis og ríkisstjórnar. Í stað þess að leggja sjálf þann efnahagsgrunn, sem frjálsir kjarasamningar geta byggst á, lætur ríkisstjórnin aðila vinnumarkaðarins leggja þennan grunn fyrir sig og gerir þeirra tillögur að sínum. Verkefni Alþingis er skv. þessu að stimpla þessar tillögur og gera að lögum og breyta með því þeim lögum um skipan ríkisfjármála sem það er sjálft nýbúið að samþykkja.
2. Ráðrúm Alþingis til að skoða gaumgæfilega þessar aðgerðir, áður en þær eru lögfestar, er nánast ekkert og hljóta það að teljast forkastanleg vinnubrögð.
3. Jafnframt er ekki veitt ráðrúm til að kynna kjarasamningana og meðfylgjandi efnahagsaðgerðir þeim sem málið er skyldast, þ.e. launafólki í landinu. Undarlegt má telja að grundvöllur samninganna sé lögfestur með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir áður en félagsmenn verkalýðsfélaganna hafa haft færi á að kynna sér hann.

4. Samningarnir, sem þetta frv. er hluti af, sækja kjarabæturnar að stórum hluta í ríkissjóð, í vasa launþega sjálfra. Eðlilegra er vitaskuld að þeir, sem vinnu launþega njóta, þ.e. atvinnurekendur, greiði þessar kjarabætur en ekki ríkið. Smánarlegast er þó hve lítil kjarabót kemur í hlut þeirra sem lægst launin hafa en í þeim hópi eru konur fjölmennastar. Lægstu laun hækka úr 17 060 kr. á mánuði í 19 272 á samningstímanum og má ljóst vera að af þeim launum er ekki hægt að lifa. „Sárabæturnar“, sem áformað er að greiða út tvisvar á árinu til þeirra sem við þessi kjör búa, munu litlu þar um breyta. Það er því ljóst að þessar efnahagsaðgerðir staðfesta einungis þá lágláunastefnu sem þessi ríkisstjórn hefur rekið.
5. Þær ráðstafanir, sem gerðar eru til að lækka tolla, eru ekki til þess fallnar að bæta kjör almenns launafólks, heldur eru þær fyrst og fremst leikur með framfærsluvísitöluna. Þær kunna þó að leiða til einhverra kjarabóta ef þar með tekst að ná niður lánskjaravísitölunni. Hins vegar munu þessar ráðstafanir að öllum líkindum leiða til aukins innflutnings og aukins viðskiptahalla sem ekki er á bætandi.
6. Í þessu frv. eru engar tillögur um tekjuöflun heldur er einungis gert ráð fyrir tilflutningi fjármuna innan kerfisins. Sömuleiðis eru mjög óljósar hugmyndir um það hvernig fjármagna á stóran hluta þess kostnaðar sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér. Í 1. gr. frv. er talað um að lækka ríkisútgjöld um 860 000 þús. kr. Engar frekari útskýringar liggja fyrir um það hvernig þetta verður gert. Hætt er við að aukinn niðurskurður á ríkisútgjöldum ásamt lækkun á tekjuskatti og útsvari leiði til þess að dregið verði úr félagslegri þjónustu. Slíkur samdráttur getur einnig haft í för með sér atvinnuleysi. Hvort tveggja mun bitna fyrst og fremst á þeim sem lægstar tekjur hafa.
7. Styrkur þessara kjarasamninga hvílir á forsendum sem margar eru óvissar. Þau fjögur meginatriði, sem ekki mega breyta, eru: 1) Trú fólksins á að þessi leið sé fær, 2) stöðugleiki gengisskráningar, 3) að ríkisstjórnin standi við þau framlög sem hún hefur samþykkt, 4) að takast megi að halda verðlagi í skefjum.

Sú reynsla, sem fólk hefur af þessari ríkisstjórn, hefur ekki gefið tilefni til þess að henni sé sýnt traust nú. Áætlaðar breytingar á raungengi um 2–3% á árinu eru háðar mörgum breytum sem stjórnvöld ráða ekki yfir. Ekki verður enn séð hvernig ríkisstjórnin ætlar að afla fjár til þeirra framlaga sem hún hefur skuldbundið sig til og samþykkt. Engin trygging er fyrir því að verðlag haldist í skefjum þrátt fyrir lækkanir á tollum — og fyrirætlanir um verðlagseftirlit eru óljóst orðaðar.

Forsendur þessara samninga eru því ekki einungis viðkvæmar, þær eru mjög ótraustar.

Þessir samningar og meðfylgjandi efnahagsaðgerðir eru tilraun til að taka á þessum málum á nýjan hátt og það er löngu tímabært. Hins vegar breyta þeir ekki þeirri óréttlátu tekjuskiptingu sem nú viðgengst í íslensku þjóðfélagi. Þess vegna, og þar sem ríkisfjármálunum er þar að auki stefnt í mikla óvissu með þessu frv., getur 4. minni hl. nefndarinnar ekki staðið að samþykkt þess. 4. minni hl. mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

Stefán Benediktsson hefur settið fundi nefndarinnar og er samþykktur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.